



Jafnréttisáætlun Sveitarfélagsins Eyjafjarðarsveitar

Jafnréttisáætlun Eyjafjarðarsveitar byggir á lögum nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Markmið jafnréttisáætlunarinnar er að stuðla að jafnri stöðu kvenna og karla í Eyjafjarðarsveit. Jafnframt er markmiðið að bæði konur og karlar nýti sér það lagalega jafnrétti sem er til staðar í atvinnulífinu, innan fjölskyldunnar, í félagslífi og til menntunar.

Með samþykki jafnréttisáætlunar fyrir sveitarfélagið er lögð áhersla á frumkvæði sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar til aðgerða sem jafna rétt kynjanna og stuðla um leið að því að vitund og verknaður verði samofin vilja íbúanna til eflingar jafnréttis.

Með jafnréttisáætlun Eyjafjarðarsveitar er kveðið á um það hvernig sveitarstjórnin, stofnanir og fyrirtæki í Eyjafjarðarsveit og íbúar sveitarfélagsins geta unnið að jafnrétti, jafnri stöðu og virðingu kvenna og karla og þar með bættum samskiptum og líðan allra íbúa sveitarfélagsins.

I Framkvæmd og umfang

1.1 Umfang

Jafnréttisáætlun Eyjafjarðarsveitar tekur til stjórnkerfis og starfsmanna sveitarfélagsins annars vegar og hins vegar til starfssemi og þjónustu sem veitt er hjá stofnunum þess.

1.2 Félagsmálanefnd

Félagsmálanefnd hefur með höndum jafnréttismál innan sveitarfélagsins samkvæmt lögum nr. 96/2000. Skal nefndin vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar í málum er varða jafnrétti kvenna og karla ásamt því að fylgjast með og leggja fram tillögur til sveitarstjórnar að sérstökum aðgerðum til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt íbúa sveitarfélagsins.

1.3 Nefndir og ráð

Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum sveitarfélagsins, skal leitast vil að hlutföll kynja séu sem jöfnust.

II Stjórnkerfi og starfsmannamál Sveitarfélagsins Eyjafjarðarsveitar

2.1 Auglýsingar og ráðningar

Það er skylda stofnana sveitarfélagsins að auglýsa stöður til umsóknar. Í auglýsingum um starf skal koma fram hvatning til þess kyns sem er í minnihluta í viðkomandi starfsgrein eða hvatning þess efnis að konur jafnt sem karlar sækji um starfið. Þegar ráða á í stjórnunarstörf innan sveitarfélagsins, skal þess gætt að hafa bæði kynin í huga við gerð auglýsinganna.

2.2 Starfsaðstæður og kjör

Við úthlutun verkefna, tilfærslur í störfum og uppsagnir skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað. gæta skal þess að konur og karlar njóti að öllu leiti sambærilegra kjara og starfsaðstæðna og er í því sambandi vísað um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000. Það telst þó ekki mismunun að taka sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar og barnsburðar.

Við ákvörðun launa og fríðinda skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað sbr. 4. gr. laga nr. 96/2000. Í því sambandi skal leitast sérstaklega við að meta jafnt mismunandi starfssvið, reynslu og menntun karla og kvenna. Þannig skal leitast við að meta heimilisstörf til starfsaldurs og launa við öll störf.

III Fræðsla og ráðgjöf

3.1 Jafnréttisráðgjöf til starfsmanna og íbúa Sveitarfélagsins Eyjafjarðarsveitar

3.1.1 Fræðsla um jafnréttismál og leiðir til að vinna að jafnri stöðu kynjanna skal vera virkur þáttur í starfi sveitarstjórnarinnar og starfsmanna hennar. Þetta á við um störf og starfsaðstæður s.s. kjör og samskipti á vinnustað, kynferðislega áreitni í, einelti, valdbeitingu og önnur þau mál sem snúa að jafnrétti og samskiptum kynjanna á vinnustað.

3.1.2 Starfsfólk Eyjafjarðarsveitar skal þar sem því verður við komið, eiga kost á sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri hagræðingu vinnutíma, svo sem að minnka tímabundið við sig vinnu. Þannig skal starfsfólki auðveldað að samræma atvinnu og fjölskyldulíf.

3.1.3 Með vísan til 17. gr. laga nr. 96/2000 um skilgreiningu á kynferðislegri áreitni er hún óheimil á vinnustöðum sveitarfélagsins. Sé yfirmanni og/eða trúnaðarmanni gert viðvart um slíka hegðun, ber viðkomandi í samráði við forstöðumann eða eftir atvikum aðra yfirmenn stjórnsýslunnar, tafarlaust að binda endi á hana. Polandi skal engan skaða bera af ráðstöfunum sem gripið er til í því skyni. Alvarleg eða endurtekin áreitni varðar áminningu eða brottrekstur úr starfi.

3.1.4 Fræðslufundir, kynningar eða ráðstefnur um jafnréttismál verði haldnar oftari en einu sinni á hverju kjörtímabili.

3.1.5 Haldinn verði árlegur feðradagur sem er hliðstæður mæðradegi og dregur athygli að hlutverki föðursins.

3.1.6 Jafnréttisáætlunin verði aðgengileg almenningi s.s. á heimasíðu sveitarfélagsins.

3.1.7 Jafnréttisáætlun verði endurskoðuð og samþykkt af nýrri sveitarstjórn sem fyrst á hverju kjörtímabili.

IV Niðurlag

Í samfélagi eins og Eyjafjarðarsveit ætti að vera auðvelt að flétta jafnréttismálin inn í starfssemi sveitarfélagsins og íbúa þess þannig að þau verði eðlilegur þáttur þess. Með tilvísun til 13. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000, er í þessari áætlun lögð áhersla á frumkvæði sveitarstjórnar til aðgerða sem hafa ofangreind markmið að leiðarljósi.

Samþykkt á 109. fundi félagsmálanefndar Eyjafjarðarsveitar 2. maí 2006
Staðfest á 299. fundi sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar 9. maí 2006